

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 12. júní 2009.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um samninga lagafrumvarps um nýja tegund hlutafélaga, gagnsæ hlutafélög (5. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér að Alþingi feli viðskiptanefnd samningu lagafrumvarps um gagnsæ hlutafélög.

Viðskiptaráð tekur undir það sjónarmið tillögunnar að aukið gagnsæi í viðskiptalífinu sé af hinu góða. Flókið eignarhald getur, líkt og kemur fram í tillögunni, gert eftirlit torsótt, skekkt samkeppni og auðveldað skattaundanskot. Í slíku umhverfi er dregið úr trúverðugleika viðskiptalífsins og þar með trausti til þess, sem er einn grundvallarpáttur í rekstrarumhverfi hvers fyrirtækis. Vegna þessa er ljóst að gagnsæ hlutafélög (ghf.) og aðrar ráðstafanir í sömu átt munu, með bættri viðskiptamenningu, eiga sinn þátt í að endurreisa traust og trúverðugleika til lengri tíma og flýta þar með endurreisn íslensks viðskiptalífs.

Að mati Viðskiptaráðs eru þó nokkur atriði sem verður að huga að, verði sú leið farin sem tillaga þessi felur í sér. Í fyrsta lagi er varhugavert að ganga út frá því, líkt og Ríkisskattstjóri, að hefðbundin hlutafélög hefðu á sér vafasamari blæ ef lögfestar yrðu reglur um ghf. Vegna þeirra takmarkana sem ghf. eru settar í tillögunni getur í tilviki margra fyrirtækja verið mun ákjósanlegra fyrir þau og hlutahafa þeirra, bæði litla og stóra, að viðhalda félagiformi þess. Er það vegna þess að fjárfestingar í erlendum félögum verða nær ómögulegar, a.m.k. í náinni framtíð, í tilviki ghf. og sömuleiðis verður mun erfiðara fyrir ghf. að sækja sér fjármagn á verðbréfamörkuðum héraðs og erlendis þar sem allir hluthafar í þeim þurfa að vera einstaklingar eða ghf. til að njóta arðs og eiga atkvæðisrétt. Það að vilja fjárfesta erlendis eða laða að erlenda fjárfesta á ekkert skylt við varhugaverðar starfsaðferðir og mikilvægt er að löggjafinn og opinberar stofnanir tileinki sér ekki viðhorf af því tagi.

Í öðru lagi er það álit Viðskiptaráðs að tilefni sé til að kveða á um það í tillögunni að við smíði frumvarps um ghf. verði tekið mið af alþjóðlegri þróun á þessu sviði. Líkt og kom fram í umsögn Seðlabanka Íslands við eldri tillögu sama efnis (375. þingmál) er ljóst að miklar breytingar munu eiga sér stað á regluverki fyrirtækja í Evrópu á næstu misserum. Það er bæði til þess fallið að spara nefndinni sporin og tryggja samræmi innlands regluverks og erlends, með tilheyrandi réttaröryggi fyrir fyrirtækin. Fari svo að Evrópusambandið setji á laggirnar nýtt félagiform með sama markmið og ghf., sem verður að öllum líkindum innleitt héraðs á grundvelli EES-samningsins líkt og Evrópufélögin, er jafnframt hætt við að ghf. formið verði vannýtt.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái fram að ganga, að því gefnu að tekið verður tillit til ofangreindra tillagna.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs